

**16. fundur (aukafundur) sveitarstjórnar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps þriðjudaginn 24. mars og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Egill Sigursson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. Framhald af 10. lið á dagskrá 15. fundar hreppsnefndar 10. mars 2015.**

Oddviti lagði til svohljóðandi tillögu:

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að fresta formlegri ráðningu sveitarstjóra Ásahrepps til næstu áramóta. Meirihluti hreppsnefndar Ásahrepps samþykkir einnig að varaoddviti Ásahrepps Nanna Jónsdóttir sinni áfram störfum sveitarstjóra til næstu áramóta. Starfskjör og starfshlutfall hennar verða þau sömu og fyrri sveitarstjóri hafði, oddvita falið að ganga frá starfssamningi. Samþykkt er að Egill Sigurðsson oddviti Ásahrepps og Nanna Jónsdóttir fari með prókúru Ásahrepps.*

*Greinargerð:*

*Það er ljóst að ekki er eining um fyrirkomulag ráðningar sveitarstjóra Ásahrepps hvort sem er innan eða utan hreppsnefndar. Má í því samhengi benda á umræður á síðasta fundi hreppsnefndar og nýlegan undirskriftarlista í formi áskorunar á hreppsnefnd að auglýsa starf sveitarstjóra.*

*Hreppsnefnd telur mikilvægt að sem mest sátt ríki um störf og ráðningu sveitarstjóra og er almennt fylgjandi því, að auglýsa starf sveitarstjóra. Má því til stuðnings benda á að núverandi sveitarstjórn braut blað í sögu Ásahrepps þegar hún auglýsti eftir sveitarstjóra í Ásahreppi í upphafi þessa kjörtímabils. Hreppsnefnd ber fulla ábyrgð á stjórn og rekstri sveitarfélagsins í heild sinni, þar með talið hvenær, hvernig eða hvort skuli ráða sveitarstjóra. Að ráðast í ráðningarferli núna við þessar aðstæður er ekki vænlegt til árangurs og vandséð að sátt náist um það, sem væri þó æskilegt. Þá ber einnig að líta til að annar kostur er í boði sem hentar að mati meirihluta hreppsnefndar, sem er tímabundinn lausn. Margvísleg verkefni bíða nú úrlausnar hjá Ásahreppi og verða hér nefnd þrjú. Frágangur ársreiknings Ásahrepps og undirstofnanna, framkvæmd ljósleiðaraverkefnis og viðræður um form og rekstur samstarfsverkefna milli Ásahrepps og Rangárþings ytra. Að öllu þessu virtu, er það mat meirihluta hreppsnefndar Ásahrepps að rétt sé að fresta langtíma ráðningu út árið og að Nanna Jónsdóttir sinni störfum sveitarstjóra Ásahrepps til næstu áramóta.*

*Tillaga oddvita samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2 atkvæðum.*

Brynja Jóna Jónasdóttir leggur fram bókun:

*Ég vil byrja á að undirstrika vanþóknun mína á því að málið hafi hlotið þennan endi. Vilji meirihluta íbúa Ásahrepps um að auglýsa starf sveitarstjóra á faglegan hátt og ráða þann hæfasta, hefur hér verið hafður að engu.*

*Einhverjir aðrir hagsmunir en hagsmunir sveitarfélagsins ráða nú för. Það að sveitarstjórnarmaður geti sjálfur greitt sér atkvæði, þegar verið er að ráða í stærsta starf sveitarfélagsins, er jú löglegt en klárlega siðlaus. Menntun, reynsla og þekking á þeim málum sem sveitarstjóra eru falin, eru hér hafðar að engu.*

*Að lokum vil ég óska starfandi sveitarstjóra Ásahrepps Nönnu Jónsdóttur velfarnaðar í starfi.*

Karl Ölvisson leggur fram bókun:

*Ég er ekki ánægður með þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við ráðningu sveitarstjóra. Ég hefði viljað að farið hefði fram meiri umræða t.d. að farið hefði verið í gegnum þær umsóknir sem þegar höfðu*

## Sveitarstjórn

*borist eða auglýsa stöðuna aftur til umsóknar. Með því móti hefði verið hægt, jafnvel með hjálp fagaðila að ráð í stöðu sveitarstjóra á óhlutdrægan og lýðræðislegan máta.*

Fundargerð yfirlesin og samþykkt  
Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 13:52

Næsti fundur boðaður 14. apríl 2015